**122. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 12. ágúst 2019 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1901196 - Langasandsreitur - uppbygging**
   *Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu á Langasandsreit.*
2. **1907136 - Lækjarflói 1 og 3 - sameining lóða**
   Umsókn Veitna um að sameina lóðirnar við Lækjarflóa 1 og 3.
   *Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að sameining lóðanna verði samþykkt í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010, sbr. ákvæði í Deiliskipulagi Flóahverfis.*
3. **1907116 - Gangstéttir og hjólastígar í nýjum hverfum 2019**
   Verðkönnun í stíga.
   *Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

   *Skóflan h.f. kr. 8.075.000*
   *Íslandsgámar kr. 16.998.104*

   *Kostnaðaráætlun kr. 8.501.000*

   *Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið.*
4. **1907117 - Göngu- og hjólastígur að Garðavelli 2019**
   *Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:*

   *Skóflan h.f. kr. 15.125.000*
   *Bjarmar ehf. kr. 17.792.000*
   *Þróttur ehf. kr. 18.482.885*

   *Kostnaðaráætlun kr. 21.657.000*

   *Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið.*

RS
ÓA

5. **1901204 - Fimleikahús framkvæmdir**

Utanhússklæðning.

*Lagðar voru fram hugmyndir frá Andrúm Arkitektum varðandi útlit klæðningar á Fimleikahúsi. Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í hugmyndirnar og felur Karli Jóhanni Haagensen verkefnisstjóra að vinna málið áfram.*

6. **1908004 - Höfðabraut - umferðarhraði**

Óskað er eftir að Höfðabraut verði gerð að einstefnu akstursgötu. Meðfylgjandi er undirskriftarlisti frá hluta af íbúum við Höfðabraut.

*Ólafur Adolfsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.*
*Erindið lagt fram og vísað til frekari skoðunar.*

7. **1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

Tekin var fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 þar sem gert er ráð fyrir stækkun Skógahverfis til norðurs um 10,5 ha og breytingu á aðliggjandi skógræktar- og útivistarsvæðum. Einnig er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu við þjóðveg. Tillagan er sett fram á breytingablaði dags. 1.8.2019. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breyting á aðalskipulagi vegna Skógarhverfis verði kynnt aftur á opnu húsi/kynningarfundi í ljósi þess að verið er að stækka íbúðasvæði lítillega frá fyrri hugmyndum.*

8. **1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áf. - (3A og 3B)**

Tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. að áfanga 3 í Skógahverfi, skipulagsuppdráttur og greinargerð, þar sem gert er ráð fyrir sérbýlishúsabyggð og stofnanalóð. Skipulagsáfanginn er fyrsti hluti deiliskipulags 3. áfanga Skógahverfis nefndur áfangi 3A. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulag Skógarhverfis 2. áfangi seinni hluti, verði skipt í þrjú skipulagssvæði þ.e. Skógarhverfi 3A (íbúðarbyggð), Skógarhverfi 3B (stofnanreitur) og Skógarhverfi 3C (íbúðarbyggð). Unnin verði fullbúnar deiliskipulagsbreytingar fyrir Skógarhverfi 3A og 3B. Deiliskipulögin verði kynnt aftur m.t.t. ofangreindar skiptingar á opnu húsi/kynningarfundi.*

9. **1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.**

Deiliskipulag 2. áfanga Skógharhverfis var samþykkt 17. apríl 2007. Norðurhluti deiliskipulags 2.áfanga frá 2007 felldur úr gildi. Skipulagsákvæði með síðari breytingum gilda áfram á suðurhluta skipulagsákvæðisins.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að kynnt verði niðurfelling á skipulagsmörkum norðurhluta deiliskipulags 2. áfanga Skógarhverfis frá 2007 á opnu húsi/kynningarfundi.*

10. **1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.**

Tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 9.8.2019 að 4. áfanga Skógahverfis milli Asparskóga og Þjóðbrautar, skipulagsuppdráttur og greinargerð, þar sem gert er ráð fyrir fjölbýlishúsabyggð með 89-126 íbúðum. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulag Skógarhverfis 4. áfangi, nýtt deiliskipulag, verði kynnt aftur á opnu húsi/kynningarfundi m.t.t. lítilegra breytinga sem gerðar hafa verið á því eftir kynningarfund sem haldinn var 14.júní 2019.*

RS

**11. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundur - breyting skipulagsmörk**

Tekin var fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðalundar, sem samþykkt var 27. apríl 2010. Breytingin felst í því að nyrsti hluti deiliskipulagsins er felldur úr gildi og íþróttavöllum fækkað. Breytt deiliskipulag er sett fram á breytingablaði dags. 2.8.2019. Breytingin er gerð til samræmis við breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og deiliskipulag Skógahverfis, áfanga 3A. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 28. júní 2019.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulag við Garðlund, verði kynnt aftur á opnu húsi/kynningarfundi m.t.t. frekari útvíkkunar svæðis undir íbúðabyggð frá því sem var kynnt á kynningarfundi um tillöguna 28.júní 2019.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:35.**

Ragnar Sæmundsson

Sig. P. H.

Ólafdís Sigurþórsdóttir rit.